Skýrsla stjórnar

Aðalfundur 2022

Græna orkan

Samstarfsvettvangur um orkuskipti

Starfsárið 2021-2022

Að baki er viðburðaríkt og krefjandi ár og jafnframt sjöunda starfsár Grænu orkunnar, sem félagasamtök.

Covid-19 faraldurinn árið 2021 hafði þau áhrif að flestir viðburða Grænu orkunnar fór fram með rafrænum hætti og stjórnin fundaði nánast eingöngu með fjarfundabúnaði.

Á aðalfundi í október 2020 voru kosin í stjórn Ágústa Loftsdóttir, EFLU verkfræðistofu og Benedikt Stefánsson, Carbon Recycling International en Bjarni Freyr Guðmundsson hjá Verkís og Sigurður Ástgeirsson, Ísorku tóku sæti varamanna í stjórn. Benedikt var kjörinn formaður á fyrsta stjórnarfundi nýrrar stjórnar. Gunnar Valur Sveinsson, SAF og María Jóna Magnúsdóttir, BGS sem kosin voru í stjórn 2019 buðu fram krafta sína á ný og voru sjálfkjörin á síðasta aðalfundi í maí 2021.

Í stjórn Grænu orkunnar sitja fjórir fulltrúar stjórnvalda sem hver er skipaður af ráðherra síns ráðuneytis, og fjórir fulltrúar atvinnulífsins. Það hefur reynst gæfuríkt að hafa ólíka aðila í stjórninni. Stjórnarmenn koma með fjölbreytta þekkingu, bakgrunn og tengslanet að borðinu.

Frá atvinnulífi sátu því í stjórn á tímabilinu 2021-2022: Ágústa Loftsdóttir, EFLU verkfræðistofu, Benedikt Stefánsson, Carbon Recycling International, Gunnar Valur Sveinsson, Samtökum ferðaþjónustunnar og María Jóna Magnúsdóttir, Bílgreinasambandinu. Jóhannes Jóhannesson hljóp í skarðið fyrir Maríu á meðan hún var í fæðingarorlofi.

Skipuð af ráðuneytum voru Ásta Þorleifsdóttir (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Erla Sigríður Gestsdóttir (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti), Helga Barðadóttir (Umhverfis- og auðlindaráðuneyti) og Íris Hannah Atladóttir (Fjármála- og efnahagsráðuneyti).

Stjórn Grænu orkunnar tók þátt í samráðsferli stjórnvalda í Samráðsgátt og sendi inn umsagnir um hin ýmsu mál tengdum orkuskiptum á landi og vistvænu eldsneyti.

Rekstrarsamningur við Íslenska NýOrku var endurnýjaður til tveggja ára og hafa Jón Björn Skúlason og Anna Margrét Kornelíusdóttir starfað með Grænu orkunni, eins og áður.

Um 80 fyrirtæki og stofnanir eru skráð á póstlista Grænu orkunnar og þar af eru 50 formlegir aðilar að samstarfsvettvangnum en rekstur hans hefur verið fjármagnaður af félagsgjöldum. Fjölmargir taka virkan þátt í viðburðum á vegum félagsins.

Á aðalfundi 2021 var nýtt heiti félagsins á ensku, samþykkt: Green Energy Partnership. Í kjölfarið var merki þess útfært að nýju til að endurspegla íslenska og enska heitið.

Málefnavinna stjórnar

Stjórn skipti með sér verkum um forgangsraðaði brýnum málum til umræðu. Ákveðið var að vinna að þremur málefnum með markmissum hætti:

- Aðgerðir til að vera leiðandi í stefnumótunarvinnu orkuskipta
- Gerð tillagna í uppfærða orkuskiptaáætlun
- Gerð eldsneytisvegvísis

Viðburðir

Alls voru haldnir sjö viðburðir á árinu 2021, auk aðalfundarins. Umfjöllunarefni var afar fjölbreytt sem endranær og tók ekki eingöngu til orkuskipta á landi. Verkís sagði t.a.m. frá skýrslu um stöðu rafvæðingar hafna, Icefuel fjallaði um könnun á fýsileika framleiðslu á rafeldsneytis og EFLA verkfræðistofa tók fyrir niðurstöður þarfa- og kostnaðargreiningar fyrir hleðsluinnviði á

ferðamannastöðum og við Keflavíkurflugvöll. Þá voru Orkusjóður og hlutverk hans, ásamt orkuskiptum á framkvæmdastöðum og á flugvöllum einnig til umræðu á opnum viðburðum Grænu orkunnar.

Rafrænn aðalfundur Grænu orkunnar var svo haldinn 4. maí 2021.

Samstarf

Græna orkan fylgdi eftir samstarfsfundi aðila í orkuskiptum (í september 2020) með fundum með ýmsum hagsmunaaðilum sem koma að orkuskiptum með ýmsum hætti. Ræddar voru leiðir til frekara samstarfs auk þess sem leitast var við að skýra enn frekar hlutverkaskiptingu. Meðal þeirra voru fulltrúar Ungra Umhverfissinna, Loftslagsráð og Grænvangur, Samtök vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda og loks fulltrúar aðila sem koma að orkuskiptum í höfnum.

Sérfræðingur Orkustofnunar kynnti eldsneytisspá Orkuspárnefndar 2021-2060 fyrir stjórn Grænu orkunnar. Loks er einnig vert að nefna kynningu verkefnastjóra hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun á verkefninu *Byggjum grænni framtíð* fyrir stjórn Grænu orkunnar.

Næsta starfsár

Framundan er nýtt starfsár með nýjum tækifæruogog áskorunum. Í marsmánuði var skýrsla starfshóps um stöðu og áskoranir í orkumálum ognnt og er hún mikilvægt innlegg í umræðu um næstu skref í orkuskiptum. Von er á vegvísi uogvetni og rafeldsneyti á næstunni sem einnig mun skýra betur stefnu stjórnvalda í eldsneytismálum, en slíkir vegvísar hafa verið lagðir fram af stjórnvöldum margra nágrannalanda okkar nú þegar.

Stjórn Grænu orkunnar hefur lagt drög að viðburðum tengd viðfangsefnum á borð við orkuskipti í ferðaþjónustu og umfjöllun um styrkjaumhverfi bæði á Norðurlöndum og innan ESB. Þá liggur fyrir að aðgerðaáætlun um orkuskipti verði uppfærð á árinu og fleiri spennandi viðfangsefni eru á döfinni.

f.h. stjórnar Grænu orkunnar,

Benedikt Stefánsson, formaður